



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Hafnarfjarðarkaupstaður

Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

Kópavogur, 30. desember 2019  
1712001 SB

**Efni: Lokaafgreiðsla á breytingu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040**

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins samþykkti á fundi sínum þann 29. nóvember 2019 breytingu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 þar sem vaxtamörk á Álfsnesi eru færð út. Samþykkt tillagan ásamt umhverfisskýrslu, innkomnum athugasemdum og viðbrögðum svæðisskipulagsnefndar við þeim er því send til lokaafgreiðslu aðildarsveitarfélaga til lokaafgreiðslu sbr. 2. mgr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Tillaga að breytingu á svæðisskipulagi var auglýst 30. ágúst 2019. Þann 11. október rann út frestur til að gera athugasemdir við breytingar á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040, aðalskipulagi Reykjavíkur 2030, nýtt deiliskipulag fyrir Álfsnesvík ásamt frummatsskýrslu vegna nýrrar staðsetningar Björgunar á Álfsnesi. Allar þessar áætlanir voru kynntar sameiginlega og beinast því umsagnir og athugasemdir misjafnlega mikið að þeim þáttum sem varða svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Alls bárust 16 umsagnir og þar var 7 þeirra beint að svæðisskipulagstillögunum sérstaklega.

Í gögnum með endanlegri tillögu er að finna allar athugasemdir ásamt viðbrögðum svæðisskipulagsnefndar við þeim. Frá auglýstri tillögu hefur verið bætt við fyllri umsögn í umhverfisskýrslu um áhrif á hljóðvist, umfjöllun um þætti sem geta haft áhrif á fok sem og umfjöllun um útivistarsvæði. Þá hefur verið leiðrétt misritun um stækkunarmöguleika lóðar Björgunar í Álfsnesvík. Að öðru leyti kalla umsagnir ekki á breytingu á skipulagstillögum eða umhverfisskýrslu vegna svæðisskipulagsins.

**Að framankomnu er hér óskað eftir afgreiðslu bæjarstjórnar á breytingu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 ásamt umhverfisskýrslu**

Í fundargerð þarf að koma fram að afgreiðsla borgarstjórnar sé gerð á grundvelli 2. mgr. 25. gr. laga nr. 123/2010 og 9. gr. laga nr. 105/2006.

Þau gögn varðandi málið eru:

- 1) Samþykkt tillaga að breytingu á svæðisskipulagi, 29. nóvember 2019
- 2) Umhverfisskýrsla Alta, 29. nóvember 2019
- 3) Viðbrögð við innkomnum athugasemdum, 29. nóvember 2019
- 4) Innkomnar athugasemdir við auglýstar tillögur

Undirritaður veitir frekari upplýsingar um málið sé þess þörf.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell Á. Proppé

Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins